


## Ráðherra, alþingismenn, ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Árið sem liðið er frá síðasta aðalfundi hefur verið einkar viðburðarríkt. Að mörgu leiti tel ég það geta orðið eitt af þessum árum sem standa upp úr þegar 100 ára saga félagsins verður rituð. Hver skildi hafa trúað því þegar LS var stofnað fyrir 27 árum að of mikill fiskur á miðum trillukarla mundi leiða til vandamála fyrir þá. Sú er raunin í dag. Heimilt er að veiða rúmlega fimm sinnum meira af þorski þegar miðin gefa línubátum jafnmikið af þorski og ýsu og það þrátt fyrir að reynt sé að forðast ýsuna. Hafrannsóknastofnunin metur þetta hins vegar svo að fyrir hver tvö tonn sem veiðast af ýsu séu innbyrt ellefu tonn af þorski. Veiðarnar á sl. fiskveiðiári gáfu hins vegar aðeins 5 tonn, hlutfallið var tveir á móti fimm. Það sem af er fiskveiðiári er jafnmikill möguleiki fyrir krókaafلامarksbáta að finna slíka samsetningu á miðunum og að atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra stigi í ræðustól og tilkynni verulega lækkun á sérstöku veiðigjaldi.

Hér verður ráðherra að skerast í atburðarrás Hafrannsóknastofnunarinnar sem byggir á fiskgengd eins og hún var þegar LS var stofnað. Ráðherra á nú þegar að láta framkvæma mælingar á grunnslóðinni með veiðarfærum eins og þar eru notuð. Ráðherra á ekki síðar en á morgun að auka ýsukvótann og nota hann fyrir tilraunaveiðar á grunnslóð með línu. Dagróðrabátar eru hver um annan þveran að stöðvast þar sem veiðiheimildir í ýsu eru uppnar á svæðum sem engin ýsa var á viðmiðunarárum fyrir kvótasetningu og engan kvóta að fá öðru vísi en á uppsprengdu verði – verð sem er nánast það sama og fæst fyrir hana á markaði, allt til að tryggja að hægt sé að veiða þorsk.

Þá velti ég því fyrir mér hvort það sé trúverðugt að stærsti hrygningastofn ýsu í marga áratugi ár eftir ár skuli engu skila í nýliðun, eins glærur Hafró bera með sér. Það er eitthvað mikið að.



Á nýliðnu fiskveiðiári kom til framkvæmda regla um að allir útgerðarflokkar leggi til aflaheimildir sem miða að því að auka atvinnu og treysta byggð. Lengi hafði verið barist fyrir þessu án árangurs þar til í fyrra og við úthutun fyrir yfirstandandi fiskveiðár munar gríðarmiklu um lagabreytinguna þegar þorsveiðiheimildir jukust um 10,4% en breyting til jöfnunar leiddi til 17,1% hækkunar.

Ástæður þessa eru að nú láta skip sem ekki hafa hlutdeild í þorski hærra hlutfall í pottana, 80% þátttaka í stað 25% á yfirstandandi fiskveiðiári. Það samsvarar 2,8% en var 1,33% í ár sem dregið er frá úthlutun hvernar tegundar. Auk þess sem 2.000 tonn sem koma aukalega í strandveiðar og 2.500 tonn til viðbótar við byggðakvóta eru ekki dregin frá áður en til úthlutunar kemur.

Annað atriði sem LS bindur miklar vonir við að muni nýtast félagsmönnum er skiptimarkaður Fiskistofu. Þó erfiðlega hafi gengið að fá ýsu nú, bjargaði hann mörgum í fyrra frá því að komast í þau vandræði sem blessuð ýsan skapar nú.

Fyrir fundinum liggur tillaga sem ég álít að geti gert skiptimarkaðinn auðveldari fyrir smábátæigendur sem hafa nánast allar sínar heimildir í þorski, ýsu og steinbít. Hún gengur út á að í stað þess að skylt sé að láta frá sér þessar tegundir, að þá verði miðað við ígildi. Nú hefði t.d. komið sér vel fyrir marga að geta haldið í ýsuna og látið þorsk frá sér.

Erfitt er að leggja mælistiku á hvaða málefni hafi risið hæst hjá félagsmönnum á árinu. Kjarasamningurinn skorar mörg stig við mat á því. Ég álít að liðin séu 15 ár frá því fyrst var farið að ræða þau mál. Þá var samsetning okkar þannig að eigandinn var nánast án undantekningar um borð og beinir launþegar því miklu færri en í dag. Fyrir fimm árum gengum við frá kjarasamningi sem þið fellduð og fólu forystunni að halda áfram viðræðum við sjómannasamtökin. Ekki leiddi betra til en þeir snéru upp á sig vildu ekkert við LS ræða, það jafnaði sig þó og fyrir réttu ári hófust viðræður sem lauk með samþykki ykkar á kjarasamningi sem skuldbindur menn til að starfa eftir til 31. janúar 2014 og jafnvel lengur. Samningaviðræðurnar leiddi varaformaður ykkar, Pétur Sigurðsson, af miklu öryggi og kann ég honum bestu þakkir fyrir velunnið og fornfúst starf.

Auk samninganefndarinnar var bakhópur sem var í góðum tengslum þann tíma sem viðræður fóru fram.

Hjá mörgum ykkar hefur kjarasamningurinn ekki mikil áhrif, breytir í raun engu. Hjá öðrum leiðir samningur til margra spurninga sem oftast en ekki leiðir til andsvars eins og: „þá er þetta bara á hreinu“. Því er ekki að neita að sumir ykkar hefðu viljað hafa samninginn öðruvísi.

Skuldbindingar í honum geri það að verkum að erfitt verður að efna hann. Við þær aðstæður reynir á landssambandið að það nái að skapa umhverfi

sem hafi í för með sér lægri kostnað og aukið aflaverðmæti. Eins og endranær verður ekkert slegið af í þeim efnum.

En – til hamingju með samninginn – með honum komumst við hjá samningsumhverfi sem blasti við hefðu síðustu tvö frumvörp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiðar orðið að lögum. Enginn samningur um nýtingu auðlindarinnar til þeirra sem ekki væru með kjarasamning.

Þó kjarasamningur sé nú frá blasa fjölmörg verkefni við LS. Það sem lítur að stjórnun fiskveiða má nefna.

Að þjóðinni sé tryggð vellíðan með gerð samnings sem tryggir veiðirétt ykkar samtímis og hún skynji að auðlindin er í hennar eigu. Veiðiréttur þarf að tryggja óbreytt hlutfall af heildarafla og verið hefur. Línuívilnun þarf að ná til allra dagróðrabáta, þeir eru ekki síður vistvænir þó þeir leiði ekki til fjölgunar starfa í landi þá tryggja þeir fleiri sjómönnum atvinnu.

Haldið verður áfram að þróa strandveiðikerfið með hliðsjón af því sem kemur frá fundinum hér í dag og á morgun. Tekist hefur að tryggja góða aflameðferð sem sýnir best að sjálfskipaðir óvildarmenn strandveiða eru orðlausir. Strandveiðar eru vinsælar, hafa gott orð á sér, þannig að óhætt er fyrir LS að líta stolt um öxl með tilliti til þess að vel hefur tekist til.

Á árinu kom út skýrsla úttektarnefndar sem Landssamtök lífeyrissjóða stóð að. Skýrsla er mikil að vöxtum og vekur athygli á gríðarlegu tjóni sem lífeyrissjóðir urðu fyrir í hrunina og er þá okkar lífeyrissjóður Gildi ekki undanskilinn sem tapaði alls 75 milljörðum á 3 árum 2008 – 2010, 4% iðgjöldum sjóðfélaga í um 19 ár.

LS mun halda áfram að veita aðhald á vettvangi lífeyrissjóða. Félagið mun beita sér fyrir því að hinn almenni sjóðfélagi hafi kosningarétt á ársfundi sjóðsins og rétt til setu í stórn sjóðsins. Þá hefur stjórn sjóðsins verið hvött til að draga úr kaupum á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs. Þannig væri hægt að losna við millilið og hefja samkeppni um lækkun vaxta með lánum til sjóðfélaga sem tryggð væru með veði í fasteign. Þá hefur LS skoðað það lítillega hvort ekki sé orðið tímabært að gefa sjóðfélögum kost á að hefja töku óskerts lífeyri fyrr og bjóða upp á greiðslu á hluta hans frá 60 ára aldri. Fyrstu athuganir benda til að slíkt verði erfitt, en rétt er að skoða með þátttöku ríkisins í gegnum atvinnuleysistryggingasjóð á þeim forsendum að verið sé að ríma fyrir störfum og um leið að þeir aðilar njóti reynslu þeirra sem smám saman minnka við sig.

## **Veiðigjöldin**

Eitt af stærri málum sem félagið hefur glímt við rak á fjörur þess á sl. ári. Boðuð var stórhækkun á veiðigjaldi. Þar kæmi til afkomutengt sérstakt veiðigjald til viðbótar almennu veiðigjaldi. Fyrstu hugmyndir stjórnvalda voru fullkomlega óraunhæfar og ótrúlegt að þær hafi átt brautargengi gegnum ríkisstjórnina. LS tók að fullum krafti þátt í mótmælum gegn veiðigjaldi bæði hér í Reykjavík með þátttöku í samstöðufundi á Austurvelli þar se einn félaga ykkar Þorvaldur Garðarsson flutti stórgóða ræðu. Eins var innlegg félagsmanna í landsbyggðarblöð mjög mikilvægt. Segja má að mótmælin hafi skilað árangri þar sem sérstaka veiðigjaldið var lækkað og afsláttur veittur í 5 ár til þeirra sem fjármagnað hafa kaup á aflahlutdeild með lánum. Heildarafsláttur sem þannig náðist nemur 7,5 milljörðum. Þó lækkun og afsláttur hafi litið dagsins ljós er deginum ljósara að gjaldið er allt of hátt og mun verða mörgum ofviða. Það mun

valda meiri samþjöppun í útgerð en orðið er með tilheyrandi skuldsetningu.

Krafa LS í þessum málum var ávallt skýr. Félagsmenn voru samþykkir að greiða sanngjarnt veiðigjald. Það gekk ekki eftir. Í stað fjórðungshækkunar fyrir 100 þorskígildi sem var undirliggjandi, var gjaldið hækkað um rúm 86% og miðað við 200 ígildi nemur hækkunin 166%. Þessi gjöld eru reiðarslag og brýnt að bregðast áfram við og krefjast þess að stjórnvöld lækki gjaldið nú þegar.

Í orrahríðinni fór LS t.d. fram á að bátar sem hafa svipað veiðiheimilda mynstur og krókaafلامarksbátar yrðu reiknaðir sérstaklega. Þá væri sanngjarnt að taka einnig tillit til þess að bátarnir væru skyldaðir með lögum að nota eingöngu línu eða handfæri við veiðarnar.

Vert er að geta þess að fyrir fundinum liggur tillaga frá Fonti um að hluta veiðigjaldsins verði varið í markaðsstarf sem hefur verið látið sitja á hakanum á undanförunum árum. Hvort tillagan fær brautargengi eður ei skal ósagt látið. Margir segja að með þessu sé verið að vinna með gjaldtökunni og mótmæla því harðlega, aðrir segja gjaldið komið á og því best að fá eitthvað til baka.

### **Lækkandi fiskverð**

En fleira er það sem vinnur gegn útgerðinni þessa daganna. Erfiðleikar hafa gert vart við sig á mörkuðum. Dreigið hefur úr sölu og þrýstingur á verðlækkun. Norðmenn hafa svarað þessu með rándýrum auglýsingum sem virðist skila sér í meiri eftirspurn eftir þeirra fisk en okkar. Það er því afar brýnt að við hefjum kröftugt markaðsstarf og endurheimtum þau dýru vörumerki sem við höfðum unnið í gegnum sölusamtökin sálugu.

## Verðlækkun og veiðigjöld

Meðalverð á línuborski á mörkuðum það sem af er fiskveiðiári er 15% lægra en það var í fyrra. Aflaverðmæti 100 tonna af þorski hefur þannig lækkað um 5,3 milljónir milli ára. Af aflamagninu þarf að greiða veiðigjöld 3.270 þús, sem jafngildir 10,8% af aflaverðmæti. Þegar aðeins þessar tvær breytur eru taldar fáum við nú 7,6 milljónum minna fyrir 100 tonninn en þau hefðu gefið okkur í fyrra, sem er 21% lækkun. Það skal því engan undra að það hrikti í hjá mörgum þessa dagana, þegar við blasir að 100 tonninn gefa 7,6 milljónum minna af sér en í fyrra, sem jafngildir 25% af aflaverðmæti.

Hávær mótmæli við hundruðum prósentu hækkun veiðigjalds eiga því fullan rétt á sér.

## Öryggismál

Öryggismál eru félaginu alltaf hugleikin og reynt að standa þá vakt eins vel og kostur er. Einn stærsti þáttur þeirra liggur í öruggum fjarskiptum. Því miður hefur þeim þætti hrakað á undanförunum. GSM kerfið hefur á engan hátt leyst NMT kerfið af hólmi. Þá eru einnig hnökrar á AIS kerfinu sem ekki voru í STK kerfinu. LS hefur vakið athygli innanríkisráðherra á málefnum en því miður eru viðbrögð t.d. við að fækka skuggablettum og auka þannig öryggi ykkar, of hæg.

Flotbjörgunarbúningar verða skyldaðir í öll skip lengri en 8 m frá og með næstu áramótum og fyrir báta undir þeirri stærð frá 1. janúar 2014. Lengi vel veitti LS andóf við þessari breytingu en umræða og atburðir hafa leitt til þessara breytinga. Með samningi við Viking gefst félagsmönnum að kaupa búning sem uppfyllir öll skilyrði sem viðurkennt björgunartæki.

Stórt skref var stigið á árinu í umgengni við grásleppuveiðar. Áratuga leit að markaði fyrir hana fannst í fjölmennasta ríki heims Kína. Strax og það varð ljóst 2011 var leitað upplýsinga reyndra sölumanna sjávarafurða til að fá hjá þeim ráð til að koma í veg fyrir að við myndum missa markaðinn út úr höndunum á okkur. Hann hafði orðið til með öflugum markaðsstarfi eins fyrirtækis, en þar sem ekki er heimilt að veita einokunarleyfi til 3 – 5 ára til að byggja markaðinn upp í friði var mér bent á að best væri að reyna að gera miklar kröfur um skurð, meðhöndlun og gæði. LS hóf þannig samstarf við MATÍS og gaf út myndarlegt kynningarefni þar sem grásleppukörlum var leiðbeint við skurð og annað.

En það fór eins og LS hafði grunað, hér spruttu upp tugir aðilar sem buðu Kínverjum grásleppu til sölu – auðvitað allir inn á sama markaðssvæði og frumköðullinn hafði verið að vinna á. Tilboðin voru margfölduð í höndum Kínverja sem kalla nú ekki allt ömmu sína þegar komið er að viðskiptum. Nú er staðan þannig að hér á landi eru enn óseldir gámar af grásleppu á markað þar sem fyrir lá sala á viðunandi verði á allri grásleppu sem veiddist á síðustu vertíð.

Gott dæmi um hvernig hægt er að klúðra markaðsstarfi með því að halda að sölumennska geti leyst það að hólmi í formi afgreiðslu.

Hér er verk að vinna og örugglega efni í heila ráðstefnu þar sem lögð væri áhersla á að svara þeirri spurningu: Hvenær eiga söluaðilar á fá heimild til fara inn á markað? Hvenær er markaðurinn orðinn það öflugur að hann er tilbúinn að taka við þeim?

Á aðalfundarárinu voru miklar annir hjá stjórn LS. Formlegir stjórnarfundir voru fimm. Dagana í kringum aðalfund, 14. okt í fyrra og nú í gær, auk funda 18. apríl, 6. júní sem að mestu snérust um þá baráttu sem háð var



með markvissum mótmælum og skilaboðum til stjórnvalda um frumvarp um stjórn fiskveiða og veiðigjöld, auk þessa fundar var hefðbundinn sumarfundur haldinn í þetta sinn á Höfn 18. og 19. júlí. Þar var á þriðja tug málefna á dagskrá. Allir fundirnir heppnuðust vel, mikil eindrægni, en oft á tíðum snörp skoðanaskipti sem leiddu af sér niðurstöðu sem allir stjórnarmenn voru sáttir við. Kann ég stjórn LS bestu þakkir fyrir velunninn störf á starfsárinu.

Það segir eitt um setu í stjórn LS og tengsl þeirra við mig sem framkvæmdastjóra að varla líður vinnudagur öðru vísi en ég heyri ekki í einhverjum þeirra.

Strandveiðar gengu vel - met þátttaka var í veiðunum sem alls 759 bátar, fjöldi sjómanna hefur því farið yfir eitt þúsund. Meðaltalsafli á bát minnkaði um tonn milli ára. Metfjöldi landana varð fóru yfir 16 þúsund Aflaverðmæti strandveiðibáta 2012 varð 2,6 milljarðar sem skilar um 3,4 milljónum á hvern bát í brúttóinnkomu og afli pr. róður 162 þús. Þorskerð hækkaði um 11% milli ára var að meðaltali 320 kr/kg.

	<b>Bátar</b>	<b>Róðrar</b>	<b>Þorskur</b>	<b>Ufsi</b>	<b>Alls</b>	<b>Afli/bát</b>	<b>Afli/róður</b>
<b>2009</b>	<b>554</b>	<b>7.313</b>	<b>3.396</b>	<b>568</b>	<b>4.028</b>	<b>7,3 tonn</b>	<b>551 kg</b>
<b>2010</b>	<b>741</b>	<b>10.579</b>	<b>5.042</b>	<b>1.192</b>	<b>6.363</b>	<b>8,6 tonn</b>	<b>601 kg</b>
<b>2011</b>	<b>685</b>	<b>15.484</b>	<b>7.095</b>	<b>1.276</b>	<b>8.544</b>	<b>12,5 tonn</b>	<b>552 kg</b>
<b>2012</b>	<b>759</b>	<b>16.141</b>	<b>7.420</b>	<b>1.155</b>	<b>8.749</b>	<b>11,5 tonn</b>	<b>540 kg</b>

Eins og áður var lítillega vikið að voru veiðiheimildir í þorski auknar en skerðing varð í ýsu og steinbít.


LS var að vanda með ákveðnar tillögur um heildarafla á árinu og færði máli sínu til stuðnings sterk rök. M.a. var sýnt fram á að með 196 þús. tonna tillögu Hafró um hámarksafla á þorski væri verið að fara með aflaregluna niður í 16% af veiðistofni 2013, sem spáð er að verði 1.192


tonn. Ráðherra var bent á þetta en því miður varð niðurstaðan eins og áður sagði aðeins 196 þús. tonn.

Það er raun sorglegt til þess að vita að nú loksins þegar við sjáum glitta í 200 þús. tonninn blasir við okkur verðlækkun auk þess sem beina á veiðunum í stærsta fiskinn sem nú um mundir er erfiðastur í sölu. Á sama tíma er að mati Hafró veiðistofninn sá hæsti síðan 1981 og leita þarf allt aftur til 1964 til að finna viðlíka stóran hrygningarstofn – 419 þús. tonn.

	<i>Tillögur LS</i>	Tillaga HAFRÓ	Heildarafli 2012/2013
Þorskur	230 þús tonn	196.000	195.400
Ýsa	50 þús tonn	32.000	36.000
Ufsi	50 þús tonn	49.000	50.000
Steinbítur	12 þús tonn	7.500	8.500
Langa	12.000 tonn	12.000	11.500
Keila	7.000 tonn	6.700	6.400
Skötuselur	2.000 tonn	1.500	1.800

Frá og með árinu 1993 hefur hrygningarstofn verið í vexti. [2012 mælist hann 419 þús. tonn](#) og hefur ekki verið stærri frá 1964 en þá var þorskaflinn 434 þús. tonn





Hversu hátt hlutfall hefur verið veitt úr veiðistofni hvers árs

	<b>Afli</b>	<b>Veiðistofn</b>	<b>Hlutfall</b>
<b>2007</b>	<b>171</b>	<b>680</b>	25%
<b>2008</b>	<b>147</b>	<b>697</b>	21%
<b>2009</b>	<b>182</b>	<b>798</b>	23%
<b>2010</b>	<b>169</b>	<b>849</b>	20%
<b>2011</b>	<b>172</b>	<b>944</b>	18%
<b>2012</b>	<b>177</b>	<b>1.070</b>	17%
<b>2013</b>	<b>196</b>	<b>1.192</b>	16%
<b>2014</b>		<b>1.211</b>	

Makrílveiðar trillukarla eru hafnar fyrir alvöru. Það sannar 1.100 tonna afli hjá 17 bátum. Fjólan fiskaði mest 243 tonn, Siggi Bessa var með 147 tonn og Sæhamar 135 tonn.

Fyrir fundinum liggur tillaga um stofnun nefndar sem fjalla á um málefni makrílveiðimanna. Ég mæli með samþykkt hennar, um veiðarnar


### Fiskveiðiárið 2011 / 2012


Heildarafli smábáta varð 77.810 tonn, mest þorskur 43.073 tonn, ýsa 14.583 tonn, steinbítur 5.137 tonn og ufsi 3.940 tonn. Hlutdeildir í heildarafla eru með þeim hæstu sem verið hafa.

Þorskur: 25,6% þar af krókar 24,9%

Ýsa: 31,3% þar af krókar 29,8%

Steinbítur 52,9% þar af krókar 52,1%





Heildaraflaverðmæti smábáta nam 22,9 milljörðum sem gefur af sér 45 milljarða í útflutningsverðmæti.

Aflahæstur smábáta fiskveiðiárið 2011 / 2012 varð SIRRÝ ÍS-84 frá Bolungarvík með 1.600 tonn. Skipstjóri Pétur Jónsson. Óska Pétri og áhöfn hans til hamingju með glæsileg afrek.

## Til hamingju Pétur og áhöfn

Fyrir fundinum liggur réttlát beiðni um að sá ýsuafli sem krókaafلامarksbátar hafa verið að veiða undanfarið ár verði settur í hlutdeild.

Fiskveiðiár	Úthlutun	Viðbætur	Flutt úr aflamarki	Ýsuafli krókaafلامarksbáta	Hlutdeild krókaafلامarksbáta
2005/2006	12.231	1.537	5.243	17.402	20,9%
2006/2007	12.358	1.777	5.293	17.159	20,9%

2007/2008	12.049	2.816	3.403	16.018	18,0%
2008/2009	11.207	2.976	3.517	16.002	22,2%
2009/2010	7.600	2.965	2.246	12.220	22,2%
2010/2011	5.909	1.221	2.933	9.659	24,3%
2011/2012	5.332	1.816	2.917	11.610	29,8%

Starfsemi landssambandsins á aðalfundarárinu hefur verið mjög kraftmikil og á köflum árangursrík.

### **Grásleppuveiðar**

Á vertíðinni stunduðu 336 bátar grásleppuveiðar sem var 33 leyfum færri en 2011, en þá var metþátttaka í veiðunum.

Heildarafrakstur veiðanna varð 12.205 tonn af söltuðum grásleppuhrognum. Alls var landað 4.114 tonnum af grásleppu sem var skorin í landi, sem var fimmfalt meira en 2011. Veiðin á vertíðinni var fjórðungi meiri en á metvertíðinni 2011. Verð byrjaði nokkuð hátt en lækkaði svo þegar leið á vertíðina.

Gamalt vandamál hefur nú skotið upp kollinum sem eru óseldar tonnur, má ætla að það sé um fjórðungur veiðinnar. Það hefur leitt til þess að fyrirsjáanlegur eru takmarkanir á veiðum næsta árs í formi færri sóknardaga. Aflaverðmæti vertíðarinnar urðu 2 milljarður.

Best var veiðin á N-landi, en þar fengu menn að meðaltali tæpa tunnu á dag. Þar voru einnig flest leyfin (E svæði) eða þriðjungur þeirra.

Heildarveiði í heiminum endaði nú í um 25 þús. tonn sem er nokkru meira en gert hafði verið ráð fyrir.

Grænlandingar veiddu um 10.500, Norðmenn með 1.500 tonn og Nýfundnalendingar með um 600.

## Lánamál

Á undanförunum mánuðum hefur gengið afartreglega að fá lán leiðrétt.

Flestir dómar sem fallið hafa eru lánastofnunum í vil. LS fór af stað með lánasamning gegn Sparisjóðabankanum, en áður en reyndi var sams konar samningur dæmdur löglegur.

Segja má því ef ekkert óvænt gerist að leiðréttingar gegn sjóðnum verið afar torsóttar. Það sama má segja um Byggðastofnun.

Áfram verður þó reynt og menn aðstoðaðir vegna lánasamninga.

## Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Ágæt mæting var víðast hvar og öll sendu félögin frá sér ályktanir. Litlar breytingar urðu í stjórnnum félaganna.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

## Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 174 báta, Klettur og Elding höfðu sætaskipti í 2. og 3. sæti, Elding með 141 báta og Klettur með 120 báta.

## Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

[www.smabatar.is](http://www.smabatar.is) er mikið notuð af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 205.227, það er 562 að meðaltali hvern dag ársins. Það aukning um 53 að meðaltali á dag.

Á tímabilinu hafa verið birtar 231 frétt á heimasíðunni sem er 14 fleiri en á síðasta viðmiðunartímabili. Markmiðið að hafa eina frétt á hverjum virkum degi náðist því og rúmlega það.

**Brimfaxi** félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadaginn. Blaðið hefur vaxið og ekki annað að heyra en félagsmenn séu ánægðir með það. Ritstjóranum Sigurjóni M Egilssyni þakka ég gott samstarf.

Grásleppunefnd þakka ég fyrir góðan fund í byrjun febrúar og Kjaranefnd LS sem m.a. gekk frá nýjum samningum..

## **Starfsfólk**

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Arthuri, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu.

## **Ágætu þingfulltrúar og gestir**

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 147, en voru 170 í fyrra.

Nú verður aðalfundurinn með nýju sniði. Engar möppur, í stað þeirra leiða formenn nefnda starfið með því að varpa tillögunum með skjávarpa á tjald. Frágangur fer síðan fram strax að loknum fundi nefndanna og afraksturinn settur á heimasíðuna. Vona að þessi nýbreytni muni reynast vel, en henni er ætlað að færa okkur inn í nútímann, gera fundinn vistvænni og spara um 1 milljón í möppum, pappír og vinnu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innanhandar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 28. aðalfundar Landssambands smábátæigenda.

Að þessu mæltu lýk ég máli mínu.

## **Takk fyrir.**

Örn Pálsson